



Reykjavík, 3. júní 2025
PON22100022

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að halda áfram verkefni „Gagnaverkefni 2025-2026“

Á fundi stafræns ráðs þann dags. 9. apríl 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 20. mars 2025, um að halda áfram verkefni „Gagnaverkefni 2025-2026“ ásamt fylgigögnum sbr. 5 lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík

Efni: Heimild til að halda áfram verkefni „Gagnaverkefni 2025-2026“

Óskað er eftir að borgarráð veiti þjónustu- og nýsköpunarsviði heimild til að halda áfram þróun og uppbyggingu gagnaverkefna innan borgarinnar. Til að efla gagnaöryggi og styðja betur við svið borgarinnar í að nýta tækifæri sem felast í gagnaöflun og hagnýtingu gagna, stuðla að aukinni notkun gervigreindar, bæta og auðga þjónustu við starfsfólk, íbúa og fyrirtæki borgarinnar og styðja við gagnadrifna ákvarðanatöku.

Í verkefnunum felst meðal annars, hönnun, þróun og umbætur á ferlum, uppbygging miðlægs gagnavörðhúss fyrir borgina og ráðgjöf til hagaðila varðandi gagnaöflun og aðgengi að gögnum, hvort sem þau verða til innan borgarinnar eða hjá ytri aðilum. Framenda og bakenda forritun, gagnavísindum, verkefnastjórnun og markviss áhersla á vörupróun með aðgengismál í fyrirrúmi, sem stuðlar að skilvirkari gagnameðhöndlun, bættri þjónustu og upplýstari ákvarðanatöku meðal starfsfólks og íbúa borgarinnar. Ábatinn af þessum verkefnum felur í sér skýrari ferla, skýrt eignarhald gagna, samræmi í verklagi og skráningum, aukið öryggi gagna. Betri nýtingu á aðföngum og auðlindum, heildstæð sýn á rekstur borgarinnar og aukið traust á gögnum, niðurstöðum greininga og ákvarðanatöku og hleypur væntur vinnusparnaður á hundruðum klukkustunda árlega í starfsemi borgarinnar. Verkefnin eru framhald fyrri gagnaverkefna og samræmast áherslum stafræns ráðs fyrir árið 2025 þar sem gagnamál voru ein megináherslan.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 80019 Upplýsinga- og gagnastýring. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2025 til desember 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 294,4 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði eru áætlað að um 220 m.kr. verði aðkeypt þjónusta sérfræðinga. Þar af eru 101 m.kr. á grundvelli útboða nr. 15722 og 15715 og innan gagnvirkis innkaupakerfis nr. 14704. Eftirstöðvar utanhússkostnaðar tengjast verktakasamningum á vegum skrifstofu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu en kostnaðurinn er greiddur af kostnaðarstað 80019.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Hjálagt er greinargerð þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 20. mars 2025, vegna heimildarbeiðni um að halda áfram verkefni „Gagnaverkefni 2025“; kynningarglæra verkefnisins; **trúnaðarmerkt ábatmat Gagnalandslands Reykjavíkur** og **trúnaðarmerktar upplýsingar úr fjárfestingaráætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs.**

Greinargerð:

Til að flýta fyrir hagnýtingu gervigreindar innan Reykjavíkurborgar og styrkja enn frekar gagnaöryggi er nauðsynlegt að halda áfram átaki í að efla gagnainnviði borgarinnar og almenna gagnavitund í starfsemi borgarinnar. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í tengslum við hagnýtingu og miðlun gagna, liggja enn fjölmörg tækifæri ónotuð. Með innleiðingu gagnvirkra lausna eins og Gagnahlaðborðs Reykjavíkur, Sorphirðudagatals borgarinnar og Húsnæðisuppbýggingarkorti Reykjavíkurborgar hefur gagnsæi á stjórnsýsluna aukist, aðgengi almennings að upplýsingum batnað og álag á þjónustuver og fleiri einingar borgarinnar dregist saman. Einnig hefur innleiðing Power BI skapað mikilvæg tækifæri til að koma innri stjórnendaupplýsingum í aðgengilegt form, sem hefur bætt yfirsýn og stuðlað að markvissari og gagnadrifnari ákvarðanatöku. Auk þess hafa nokkur gervigreindarlíkön verið þróuð og eru nú þegar í notkun innan borgarinnar. Þrátt fyrir þessar umbætur liggja enn gríðarmikil og ónýtt tækifæri í aukinni hagnýtingu gagna og ljóst er að um langtímaverkefni er að ræða.

Gagnaverkefni eru viðamikil og snerta alla starfsemi Reykjavíkurborgar, en þau eru jafnframt mikilvægur hlekkur í heildstæðri gagnauppbýggingu hennar. Nú þegar hafa gagnaverkefni skilað sér í aukinni skilvirkni, meira gagnsæi, skýrari ferlum, samræmdu verklagi sem skilar traustara og betra aðgengi að réttum gögnum. Sjálfvirkni í vinnslu á tölfraðigögnum, ásamt sjálfvirkni í að sækja mikilvæg ytri gögn og öryggi gagnanna hafa verið aukin og þannig einnig möguleikar á greiningu og miðlun gagna á milli sviða borgarinnar sem og út á við. Mikilvæg vinna er framundan en hún felst í frekari kortlagningu þarfa sviðanna þegar kemur að aðgengi að t.d. fjárhagsupplýsingum, mannauðsupplýsingum og tímaskráningum. Þessi vinna kallar á breytingar á ferlum og verklagi við skráningu upplýsinga, sem og endurskoðun skipulagstrés í launahugbúnaði, skilgreiningu hugtaka og samræmingu vinnubragða á milli sviða. Þetta krefst víðtækrar samvinnu milli marga aðila til að tryggja að rétt gögn séu aðgengileg réttu fólki á réttum tíma.

Mikil tækifæri felast í hagnýtingu gagna, sérstaklega þegar kemur að innleiðingu gervigreindar í starfsemi borgarinnar, en til að það gerist verða gagnainnviðir að vera traustir og gögn borgarinnar örugg og heil. Ef vel tekst til getur gervigreind orðið afar öflugt tæki sem býður upp á mikla möguleika í þjónustu og rekstri borgarinnar. Ávinningurinn af verkefninu er fjölbreyttur. Kostnaður og tímasóun vegna vinnu sem byggir á óáreiðanlegum gögnum er gríðarlegur og munu gagnaverkefnin stuðla að úrbótum þar, draga úr kostnaði, auka hraða og áreiðanleika ákvarðanatöku og bæta gagnsæi innan stjórnsýslunnar. Ábatinn af þessum verkefnum felur í sér skýrari ferla, skýrt eignarhald gagna, samræmi í verklagi og skráningum og aukið öryggi gagna. Betri nýtingu á aðföngum og auðlindum, heildstæða sýn á rekstur borgarinnar og aukið traust á gögnum, niðurstöðum greininga og ákvarðanatöku og er væntur vinnusparnaður um 325 klukkustundir árlega í starfsemi borgarinnar. Verkefnið styður við helstu stefnumál Reykjavíkurborgar, þar á meðal áherslur stafræns ráðs, Græna planið, Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar, Stefnu um nýtingu upplýsingatækni og Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Gögn borgarinnar verða gerð aðgengileg og miðlað á fjölbreyttan hátt, sem mun styrkja ímynd borgarinnar með markvissri og traustri upplýsingamiðlun ásamt aukinni virðissköpun sem hlýst af hagnýtingu gagna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 294,4 m.kr.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Inga Rós Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri gagnþjónustu Reykjavíkurborgar